# Hörgársveit

## Ársreikningur 2013

## Efnisyfirlit


| | bls. |
|---|---|
| Undirritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra | 2 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 3 |
| **Ársreikningar** | |
| Samantekinn ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana | 4 - 17 |
| Veitur | 18 - 22 |
| **Sundurliðanir** | |
| Rekstraryfirlit | 23 |
| Efnahagsyfirlit | 24 - 25 |
| Sundurliðað rekstraryfirlit aðalsjóðs | 26 - 29 |
| Sundurliðað rekstraryfirlit eignasjóðs | 30 |



Hörgársveit
Kennitala 510101-3830
Þelamerkurskóla, 601 Akureyri

# Undirritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Hörgársveitar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitrarfélagsins á árinu námu 443,3 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 444,4 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 439,3 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 439,9 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í a-lið nam 0,4% en lögbundið hámark þess er 0,5%. Í b-lið nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í c-lið nam álagningarhlutfallið 1,4% en lögbundið hámark þess er 1,32%. Sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í a og c-lið um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 10,8 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 4,1 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 13,2 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 7,0 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 498,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 517,8 millj. kr.

Íbúafjöldi Hörgársveitar 1. desember 2013 var 567 og fjölgaði um 1 frá fyrra ári.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri Hörgársveitar staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Hörgársveit, 16. apríl 2014

Sveitarstjórn:

Sveitarstjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til sveitarstjórnar Hörgársveitar**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hörgársveitar fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

*Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum*
Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

*Ábyrgð endurskoðenda*
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sveitarfélagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla sveitarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur og að skýrsla sveitarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 16. apríl 2014

**PricewaterhouseCoopers ehf**

Sighvatur Halldórsson
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2013

| | Skýr | Sveitarsjóður | | Samstæða | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | 2013 | Fjárh.áætl. | 2013 | Fjárh.áætl. |
| **Tekjur** | | | | | |
| Skatttekjur | 3 | 217.856 | 224.109 | 217.856 | 224.109 |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 3 | 146.925 | 137.800 | 146.925 | 137.800 |
| Aðrar tekjur | 3 | 74.559 | 77.996 | 78.554 | 82.490 |
| | | 439.340 | 439.905 | 443.335 | 444.399 |
| **Gjöld** | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 204.534 | 200.999 | 204.534 | 200.999 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 197.146 | 206.058 | 200.100 | 210.972 |
| Afskriftir | | 18.680 | 18.397 | 20.302 | 19.327 |
| | | 420.361 | 425.454 | 424.937 | 431.298 |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)** | | 18.979 | 14.451 | 18.398 | 13.101 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 5 | (5.758) | (7.460) | (7.643) | (8.960) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | 13.221 | 6.991 | 10.755 | 4.141 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2013

| Eignir | Skýr | Sveitarsjóður 2013 | Sveitarsjóður 2012 | Samstæða 2013 | Samstæða 2012 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 7 | | | | |
| Fasteignir | | 391.914 | 386.287 | 391.914 | 386.287 |
| Veitukerfi | | 0 | 0 | 65.947 | 26.966 |
| Gatnakerfi | | 68.143 | 70.192 | 68.143 | 70.192 |
| Bifreið | | 725 | 325 | 725 | 325 |
| | | 460.782 | 456.803 | 526.729 | 483.769 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 8 | 60.262 | 59.101 | 60.262 | 59.101 |
| Langtímakröfur | 9 | 11.100 | 11.100 | 11.100 | 11.100 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | 9 | 20.850 | 21.059 | 0 | 0 |
| | | 92.213 | 91.260 | 71.362 | 70.201 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 552.995 | 548.064 | 598.091 | 553.970 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Birgðir | | 225 | 155 | 225 | 155 |
| Óinnheimtar tekjur | 10 | 28.174 | 36.612 | 28.174 | 36.612 |
| Næsta árs afborganir B-hluta | 9 | 1.094 | 1.121 | 0 | 0 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki | | 63.023 | 21.340 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 3.842 | 4.368 | 3.842 | 4.368 |
| Handbært fé | | 18.427 | 56.755 | 18.427 | 56.755 |
| | | 114.785 | 120.351 | 50.668 | 97.890 |
| **Eignir samtals** | | 667.780 | 668.414 | 648.760 | 651.860 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2013

| Eigið fé og skuldir | Skýr | Sveitarsjóður 2013 | Sveitarsjóður 2012 | Samstæða 2013 | Samstæða 2012 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eigið fé | 11 | 517.787 | 502.525 | 498.766 | 485.971 |
| | | 517.787 | 502.525 | 498.766 | 485.971 |
| **Skuldir** | | | | | |
| Langtímaskuldir: | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 12 | 92.987 | 104.982 | 92.987 | 104.982 |
| Skammtímaskuldir: | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 16.840 | 17.378 | 16.840 | 17.378 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 12 | 15.987 | 18.847 | 15.987 | 18.847 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 24.180 | 24.682 | 24.180 | 24.682 |
| | | 57.007 | 60.907 | 57.007 | 60.907 |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | | 149.993 | 165.889 | 149.993 | 165.889 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 667.780 | 668.414 | 648.760 | 651.860 |

**Aðrar upplýsingar** 13

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2013

| | | Sveitarsjóður | | Samstæða | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | 2013 | Fjárh.áætl. | 2013 | Fjárh.áætl. |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 13.221 | 6.991 | 10.755 | 4.141 |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Reiknaðar afskriftir | 7 | 18.680 | 18.397 | 20.302 | 19.327 |
| Verðbætur og gengismunur | 9,12 | 3.333 | 4.250 | 4.210 | 4.250 |
| Aðrir liðir | | 241 | 0 | 241 | 0 |
| Veltufé frá rekstri | | 35.475 | 29.638 | 35.508 | 27.718 |
| Breytingar á skammtímaliðum: | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) | | 8.368 | 0 | 8.368 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 526 | 0 | 526 | 0 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | (1.040) | 0 | (1.040) | 0 |
| Breytingar | | 7.854 | 0 | 7.854 | 0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 43.329 | 29.638 | 43.362 | 27.718 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 7 | (20.813) | (10.000) | (61.416) | (23.000) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | 150 | 0 | 150 | 0 |
| Fjárfesting í hlutabréfum | | (1.357) | (900) | (1.357) | (900) |
| Afborganir langtímakrafna | 9 | 0 | 500 | 0 | 500 |
| Verðbréf B-hluti, breyting | 9 | 1.112 | 0 | 0 | 0 |
| | | (20.908) | (10.400) | (62.623) | (23.400) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Afborganir langtímalána | 12 | (19.066) | (15.000) | (19.066) | (15.000) |
| Eigin fyrirtæki, breyting | | (41.683) | (14.920) | 0 | 0 |
| | | (60.748) | (29.920) | (19.066) | (15.000) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | (38.327) | (10.682) | (38.327) | (10.682) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 56.755 | 56.755 | 56.755 | 56.755 |
| **Handbært fé í árslok** | | 18.427 | 46.073 | 18.427 | 46.073 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Hörgársveit er næsta sveitarfélag norðan Akureyrar. Sveitarfélagamörkin við Akureyri eru við Lónið, á móti Akrahreppi við Grjótá á Öxnadalsheiði og á móti Dalvíkurbyggð eru mörkin skammt norðan við Fagraskóg. Hörgársveit varð til við sameiningu Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar 12. júní 2010. Hörgárbyggð varð til 1. janúar 2001 þegar Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur og Skriðuhreppur sameinuðust.

Íbúar Hörgársveitar 567 talsins þann 1. desember 2013.

Ársreikningur Hörgársveitar fyrir árið 2013 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, A hluta, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga í samræmi við 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Til sveitarsjóðs, A hluta, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Veitur Hörgársveitar.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan. Þar sem gerð hefur verið breyting á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo möt þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Samantekin reikningsskil**

Ársreikningur sveitarsjóðs, A hluta, og samstæðu A og B hluta er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningnum einstakra fyrirtækja og stofnana en öll innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður eru jöfnuð út.

### 2.3 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Aðrar tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

Söluhagnaður (tap) af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi. Söluhagnaður (tap) af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er færður á meðal annarra rekstrartekna / -gjalda, en söluhagnaður (tap) af eignarhlutum í félögum er færður meðal fjármunatekna / gjalda í rekstrarreikningi.

# Skýringar

### 2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Allar matsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 10 - 40 ár |
| Veitukerfi | 25 ár |
| Gatnakerfi | 25 ár |
| Bifreiðar, áhöld og tæki | 5 - 10 ár |

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### 2.6 Fjárfestingar í eignarhlutum og öðrum verðbréfum

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu.

Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum. Ef markaðurinn fyrir fjárfestingaverðbréf er ekki virkur er gangvirði ákvarðað með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirði með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

# Skýringar

### 2.7 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2014. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

### 2.8 Viðskiptakröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

### 2.9 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

### 2.10 Eignir utan efnahagsreiknings

Óskipulögð lönd og lóðir í eigu sveitarfélagsins eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### 2.11 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

### 2.12 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2013 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

### 2.13 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samstæða | |
|---|---|---|---|---|
| | 2013 | Áætlun | 2013 | Áætlun |
| Skatttekjur: | | | | |
| Útsvör | 186.439 | 192.600 | 186.439 | 192.600 |
| Fasteignaskattur og lóðaleiga | 31.417 | 31.509 | 31.417 | 31.509 |
| | 217.856 | 224.109 | 217.856 | 224.109 |
| Jöfnunarsjóður: | | | | |
| Útgjaldajöfnunarframlag | 51.847 | 47.500 | 51.847 | 47.500 |
| Grunnskólaframlag | 44.158 | 43.000 | 44.158 | 43.000 |
| Húsaleigubætur | 2.464 | 1.700 | 2.464 | 1.700 |
| Tekjujöfnunarframlag | 20.625 | 22.000 | 20.625 | 22.000 |
| Sameiningarframlag | 8.185 | 6.000 | 8.185 | 6.000 |
| Framlag vegna lækkunar fasteignaskatts | 18.446 | 16.400 | 18.446 | 16.400 |
| Framlag vegna nýbúa og fatlaðra | 1.200 | 1.200 | 1.200 | 1.200 |
| | 146.925 | 137.800 | 146.925 | 137.800 |
| Aðrar tekjur | 74.559 | 77.996 | 78.554 | 82.490 |
| Þjónustutekjur samtals | 74.559 | 77.996 | 78.554 | 82.490 |
| Rekstrartekjur samtals | 439.340 | 439.905 | 443.335 | 444.399 |
| Íbúafjöldi | 567 | 567 | 567 | 567 |
| Skatttekjur á íbúa | 643 | 638 | 643 | 638 |

## 4. Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samstæða | |
|---|---|---|---|---|
| | 2013 | Áætlun | 2013 | Áætlun |
| Laun | 164.972 | 161.974 | 164.972 | 161.974 |
| Launatengd gjöld | 39.562 | 39.025 | 39.562 | 39.025 |
| | 204.534 | 200.999 | 204.534 | 200.999 |

Laun vegna sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 14,5 milljónum króna á árinu 2013.

# Skýringar

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samstæða | |
|---|---|---|---|---|
| | 2013 | Áætlun | 2013 | Áætlun |
| Vaxtatekjur | 2.568 | 2.670 | 683 | 1.170 |
| Tekjur af eignarhlutum í félögum | 2.031 | 1.000 | 2.031 | 1.000 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | (10.357) | (11.130) | (10.357) | (11.130) |
| | (5.758) | (7.460) | (7.643) | (8.960) |

## 6. Heildaryfirlit um rekstur

| | **Gjöld** | **Tekjur** | **Mismunur** | **Áætlun** |
|---|---|---|---|---|
| Aðalsjóður: | | | | |
| Skatttekjur | 0 | 367.346 | 367.346 | 365.238 |
| Félagsþjónusta | 29.739 | 3.509 | (26.231) | (21.664) |
| Heilbrigðismál | 1.357 | 874 | (483) | (450) |
| Fræðslu- og uppeldismál | 240.478 | 27.105 | (213.373) | (217.889) |
| Menningarmál | 26.455 | 3.403 | (23.051) | (26.692) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 81.134 | 28.489 | (52.645) | (55.971) |
| Brunamál og almannavarnir | 6.515 | 0 | (6.515) | (5.730) |
| Hreinlætismál | 17.516 | 10.558 | (6.959) | (5.816) |
| Skipulags- og byggingarmál | 4.377 | 278 | (4.099) | (5.742) |
| Umferðar- og samgöngumál | 13.557 | 0 | (13.557) | (13.002) |
| Umhverfismál | 2.962 | 0 | (2.962) | (4.844) |
| Atvinnumál | 6.675 | 749 | (5.926) | (6.289) |
| Sameiginlegur kostnaður | 41.560 | 4.413 | (37.147) | (34.624) |
| Fjármagnsliðir | 1.542 | 29.477 | 27.935 | 23.420 |
| Aðalsjóður samtals | 473.869 | 476.202 | 2.334 | (10.055) |
| | | | | |
| Eignarsjóður | 92.681 | 103.568 | 10.887 | 17.046 |
| Þjónustumiðstöð | | | | |
| Sveitarsjóður samtals | 566.549 | 579.770 | 13.221 | 6.991 |
| | | | | |
| B-hluta fyrirtæki: | | | | |
| Veitur Hörgársveitar | 7.850 | 5.384 | (2.466) | (2.850) |
| Sjóðir í B-hluta samtals | 7.850 | 5.384 | (2.466) | (2.850) |
| | | | | |
| Samstæða samtals | 574.400 | 585.154 | 10.755 | 4.141 |

# Skýringar

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

| | Fasteignir | Gatnakerfi | Bifreið | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Sveitarsjóður: | | | | |
| Stofnverð 1/1 | 691.638 | 87.646 | 650 | 779.934 |
| Viðbót ársins | 20.063 | 0 | 750 | 20.813 |
| Endurmat lóða og lendna | 2.041 | 0 | 0 | 2.041 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | 0 | (650) | (650) |
| Stofnverð 31/12 | 713.742 | 87.646 | 750 | 802.138 |
| Afskrifað 1/1 | 305.351 | 17.454 | 325 | 323.130 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | (455) | (455) |
| Afskrifað á árinu | 16.477 | 2.048 | 155 | 18.680 |
| | 321.828 | 19.502 | 25 | 341.355 |
| Bókfært verð 31/12 | 391.914 | 68.143 | 725 | 460.782 |

| | Fasteignir | Veitukerfi og gatnakerfi | Bifreið | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Samstæða: | | | | |
| Stofnverð 1/1 | 691.638 | 126.395 | 650 | 818.683 |
| Viðbót ársins | 20.063 | 40.603 | 750 | 61.416 |
| Endurmat lóða og lendna | 2.041 | 0 | 0 | 2.041 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | 0 | (650) | (650) |
| Stofnverð 1/1 | 713.742 | 166.998 | 750 | 881.490 |
| Afskrifað 1/1 | 305.351 | 29.237 | 325 | 334.913 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | 0 | (455) | (455) |
| Afskrifað á árinu | 16.477 | 3.670 | 155 | 20.302 |
| | 321.828 | 32.907 | 25 | 354.760 |
| Bókfært verð 31/12 | 391.914 | 134.090 | 725 | 526.729 |

Bókfært verð fasteigna og veitukerfa sveitarsjóðs og B hluta stofnana og vátryggingaverðmæti þeirra, greinast þannig í árslok:

| | Vátryggingar verð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Sveitarsjóður: | | |
| Leikskólar | 80.336 | 41.937 |
| Skólar | 569.738 | 42.793 |
| Íþróttahús og sundlaugar | 407.738 | 193.482 |
| Þjónustuhúsnæði | 212.434 | 42.958 |
| Íbúðarhúsnæði | 45.538 | 23.938 |
| Lóðir og lendur | 0 | 46.806 |
| Gatnakerfi | 0 | 68.143 |
| Samtals sveitarsjóður | 1.315.784 | 460.057 |

# Skýringar

## Varanlegir rekstrarfjármunir (frh)

| | Vátryggingar verð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| B-hluta stofnanir: | | |
| Fráveitukerfi | 0 | 65.947 |
| Samtals B-hluta stofnanir | 0 | 65.947 |
| | | |
| Samstæða samtals | 1.315.784 | 526.004 |

## 8. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Sveitarsjóður | Samstæða |
|---|---|---|---|
| Flokkun Eyjafjörður ehf., Akureyri | 2,66% | 6.623 | 6.623 |
| GáF ehf., Norðurþingi | 12,00% | 75 | 75 |
| Greið leið ehf., Akureyri | 0,75% | 1.605 | 1.605 |
| Hafnasamlag Norðurlands b.s., Akureyri | | 1.021 | 1.021 |
| Hjalteyri ehf., Hörgársveit | 20,50% | 900 | 900 |
| Hraun í Öxnadal ehf., Hörgársveit | 56,24% | 500 | 500 |
| Landskerfi bókasafna hf., Reykjavík | | 318 | 318 |
| Lánasjóður Sveitarfélaga ohf., Reykjavík | 0,17% | 15.326 | 15.326 |
| Molta ehf., Eyjafirði | 0,53% | 876 | 876 |
| Norðurorka hf., Akureyri | 0,80% | 32.000 | 32.000 |
| Tækifæri hf., Akureyri | 0,16% | 1.019 | 1.019 |
| | | 60.262 | 60.262 |

## 9. Langtímakröfur

| | Staða 1.1 | Ný bréf | Afborganir | Verðbætur | Eftirstöðvar 31.12.2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Almenn skuldabréf | 11.100 | 0 | 0 | 0 | 11.100 |
| Skuldabréf B-hluta | 22.180 | 0 | (1.112) | 877 | 21.944 |
| Langtímakröfur samt. | 33.280 | 0 | (1.112) | 877 | 33.044 |

Langtímakröfur greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | Samstæða |
|---|---|---|
| Óverðtryggð lán, meðalvextir 6% | 11.100 | 11.100 |
| Verðtryggð lán, meðalvextir 4,5% | 21.944 | 0 |
| Kröfur samtals að meðtöldum næsta árs afborgunum | 33.044 | 11.100 |
| Næsta árs afborganir | (1.094) | 0 |
| | 31.950 | 11.100 |

# Skýringar

## Langtímakröfur (frh)

Afborganir af langtímakröfum greinast þannig á næstu ár:

| | Sveitarsjóður | Samstæða |
|---|---|---|
| Árið 2014 | 2.484 | 1.390 |
| Árið 2015 | 2.522 | 1.390 |
| Árið 2016 | 2.574 | 1.390 |
| Árið 2017 | 2.629 | 1.390 |
| Árið 2018 | 2.686 | 1.390 |
| Síðar | 20.149 | 4.150 |
| | 33.044 | 11.100 |

## 10. Skammtímakröfur

Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

| | Sveitarsjóður | Samstæða |
|---|---|---|
| Afskriftareikningur í ársbyrjun | 12.715 | 12.715 |
| Tapaðar kröfur á árinu | 0 | 0 |
| Breyting afskriftaframlags á árinu | 3.914 | 3.914 |
| Afskriftareikningur í árslok | 16.629 | 16.629 |

## 11. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | Sveitarsjóður | Samstæða |
|---|---|---|
| Eigið fé 1/1 2013 | 502.525 | 485.971 |
| Endurmat lóða og lendna | 2.041 | 2.041 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 13.221 | 10.755 |
| Eigið fé 31/12 2013 | 517.787 | 498.766 |

# Skýringar

## 12. Langtímaskuldir

Sveitarsjóður:

| | Staða 1.1 | Ný lán | Afborganir | Verðbætur, gengismunur | Eftirstöðvar 31.12.2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Lánasjóður sveitarfélaga | 111.286 | 0 | (18.391) | 3.746 | 96.641 |
| Aðrir | 12.544 | 0 | (675) | 464 | 12.332 |
| Langtímaskuldir samt. | 123.829 | 0 | (19.066) | 4.210 | 108.973 |

Samstæða:

| | Staða 1.1 | Ný lán | Afborganir | Verðbætur, gengismunur | Eftirstöðvar 31.12.2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Lánasjóður sveitarfélaga | 111.286 | 0 | (18.391) | 3.746 | 96.641 |
| Aðrir | 12.544 | 0 | (675) | 464 | 12.332 |
| Langtímaskuldir samt. | 123.829 | 0 | (19.066) | 4.210 | 108.973 |

| Yfirlit um langtímaskuldir: | Sveitarsjóður | Samstæða |
|---|---|---|
| Innlend verðtryggð lán, meðalvextir 3,2% | 96.641 | 96.641 |
| Innlend verðtryggð lán, meðalvextir 4,7% | 12.332 | 12.332 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t næsta árs afborganir | 108.973 | 108.973 |
| Næsta árs afborganir | (15.987) | (15.987) |
| | 92.987 | 92.987 |

Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | Sveitarsjóður | Samstæða |
|---|---|---|
| Árið 2014 | 15.987 | 15.987 |
| Árið 2015 | 16.062 | 16.062 |
| Árið 2016 | 15.856 | 15.856 |
| Árið 2017 | 15.941 | 15.941 |
| Árið 2018 | 12.921 | 12.921 |
| Síðar | 32.208 | 32.208 |
| Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir | 108.973 | 108.973 |

## 13. Aðrar upplýsingar

### Ábyrgðaskuldbinding

Hörgársveit er aðili að eftirfarandi byggðasamlagi sem hefur fjárhagslegar skuldbindingar:
Hafnasamlag Norðurlands
Sveitarsjóðir aðildarsveitarfélaganna bera einfalda ábyrgð á skuldbindingu byggðasamlaga en innbyrðis skiptist ábyrgðin eftir íbúafjölda sbr. 82. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

# Skýringar

## 14. Lykiltölur

| | Sveitarsjóður 2013 | Sveitarsjóður Áætlun | Samstæða 2013 | Samstæða Áætlun |
|---|---|---|---|---|
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 46,6% | 45,7% | 46,1% | 45,2% |
| Annar rekstrarkostnaður | 44,9% | 46,8% | 45,1% | 47,5% |
| Afskriftir | 4,3% | 4,2% | 4,6% | 4,3% |
| Fjármagnsgjöld og (fjármunatekjur) | 1,3% | 1,7% | 1,7% | 2,0% |
| Rekstrargjöld án fjármunat. og fjármagnsgj. | 95,7% | 96,7% | 95,9% | 97,1% |
| Rekstrargjöld án afskrifta | 91,4% | 92,5% | 91,3% | 92,7% |
| Hreint veltufé frá rekstri | 8,1% | 6,7% | 8,0% | 6,2% |
| Handbært fé frá rekstri | 9,9% | 6,7% | 9,8% | 6,2% |
| **á íbúa:** | | | | |
| Rekstrartekjur | 775 | 776 | 782 | 784 |
| Rekstrargjöld án afskrifta | (708) | (718) | (714) | (727) |
| Afskriftir | (33) | (32) | (36) | (34) |
| Niðurstaða án fjármagnsliða | 33 | 25 | 32 | 23 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (10) | (13) | (13) | (16) |
| Rekstrarniðurstaða | 23 | 12 | 19 | 7 |

| | Sveitarsjóður 2013 | Sveitarsjóður 2012 | Samstæða 2013 | Samstæða 2012 |
|---|---|---|---|---|
| Fastafjármunir | 975 | 968 | 1.055 | 979 |
| Veltufjármunir | 202 | 213 | 89 | 173 |
| Eignir samtals | 1.178 | 1.181 | 1.144 | 1.152 |
| Langtímaskuldir | 164 | 185 | 164 | 185 |
| Skammtímaskuldir | 101 | 108 | 101 | 108 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | 265 | 293 | 265 | 293 |
| Eigið fé | 913 | 888 | 880 | 859 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 1.178 | 1.181 | 1.144 | 1.152 |
| **Aðrar lykiltölur:** | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 2,01 | 1,98 | 0,89 | 1,61 |
| Eiginfjárhlutfall | 77,5% | 75,2% | 76,9% | 74,6% |
| **Íbúafjöldi:** | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 |
| Í ársbyrjun | 566 | 583 | 566 | 583 |
| Breyting á árinu | 1 | (17) | 1 | (17) |
| Í árslok | 567 | 566 | 567 | 566 |

# Veitur Hörgársveitar

## Ársreikningur 2013

# Rekstrarreikningur ársins 2013

| | | 2013 | Fjárh.áætl. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Tekjur fráveitu | | 4.814 | 3.924 |
| Tekjur vatnsveitu | | 570 | 570 |
| | | 5.384 | 4.494 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Annar rekstrarkostnaður | | 4.343 | 4.914 |
| Afskriftir | 2 | 1.622 | 930 |
| | | 5.965 | 5.844 |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)** | | (581) | (1.350) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (1.885) | (1.500) |
| | | (1.885) | (1.500) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | (2.466) | (2.850) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2013

| Eignir | Skýringar | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fráveitukerfi | 2 | 65.947 | 26.966 |
| **Eignir samtals** | | 65.947 | 26.966 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eiginfjárreikningur | 3 | (19.020) | (16.554) |
| **Skuldir** | | | |
| Langtímaskuldir: | | | |
| Skuldabréfalán | 4 | 20.850 | 21.059 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Sveitarsjóður | | 63.023 | 21.340 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | | 1.094 | 1.121 |
| | | 64.117 | 22.461 |
| **Skuldir samtals** | | 84.967 | 43.520 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 65.947 | 26.966 |

# Sjóðstreymi ársins 2013

| | 2013 | Fjárh.áætl. |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar): | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (2.466) | (2.850) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | |
| Afskriftir | 1.622 | 930 |
| Verðbætur langtímaskulda | 882 | 1.000 |
| | 38 | (920) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | 38 | (920) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | |
| Eignfærð fjárfesting | (40.602) | (13.000) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Sveitarsjóður | 41.683 | 14.920 |
| Afborganir langtímalána | (1.118) | (1.000) |
| | 40.565 | 13.920 |
| **Hækkun á handbæru fé** | 0 | 0 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | 0 | 0 |

# Skýringar

## 1. Vöru og þjónustukaup

| | 2013 | Fjárh.áætl. |
|---|---|---|
| Vinna verkamanna | 1.128 | 720 |
| Viðhald og viðhaldsvörur | 113 | 460 |
| Verkkaup | 2.485 | 3.150 |
| Annað | 617 | 584 |
| | 4.343 | 4.914 |

## 2. Varanlegir rekstrarfjármunir

| Breyting á bókfærðu verði fráveitukerfis á árinu greinist þannig: | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Stofnverð 1/1 | 38.749 | 38.749 |
| Framkvæmdir ársins | 40.603 | 0 |
| | 79.352 | 38.749 |
| Afskrifað 1/1 | 11.783 | 10.373 |
| Afskrifað á árinu | 1.621 | 1.410 |
| | 13.404 | 11.783 |
| Bókfært verð 31/12 | 65.947 | 26.966 |

## 3. Eigið fé

| Breyting eiginfjárreiknings á árinu sundurliðast þannig: | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Eigið fé 1/1 | (16.554) | (8.339) |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (2.466) | (8.215) |
| Eigið fé 31/12 | (19.020) | (16.554) |

## Rekstraryfirlit árið 2013

(Allar fjárhæðir eru í þús.)

| | Skatt-tekjur | Framlög jöfnunar-sjóðs | Aðrar tekjur | **Tekjur samtals** | 1 Laun og launat. gjöld | 2 + 4 Breyting lífeyris-skuldbindingar | 5 Annar rekstrar-kostnaður | 7 Afskriftir | 8 Samtals gjöld | 9 Fjármunat. og fjármagnsgj. | Niður-staða | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sjóðir í A-hluta** | | | | | | | | | | | | |
| Aðalsjóður | | | | | | | | | | | | |
| 00 - Skatttekjur | 222.885 | 144.461 | | **367.346** | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | **367.346** | **365.238** |
| 02 - Félagsþjónusta | 0 | 2.464 | 1.045 | **3.509** | 5.373 | | 24.366 | 0 | 29.739 | 0 | **(26.231)** | **(21.664)** |
| 03 - Heilbrigðismál | 0 | 0 | 874 | **874** | 0 | | 1.357 | 0 | 1.357 | 0 | **(483)** | **(450)** |
| 04 - Fræðslu- og uppeldismál | 0 | 0 | 27.105 | **27.105** | 124.689 | | 115.789 | 0 | 240.478 | 0 | **(213.373)** | **(217.889)** |
| 05 - Menningarmál | 0 | 0 | 3.403 | **3.403** | 7.368 | | 19.086 | 0 | 26.455 | 0 | **(23.051)** | **(26.692)** |
| 06 - Æskulýðs- og íþróttamál | 0 | 0 | 28.489 | **28.489** | 29.654 | | 51.480 | 0 | 81.134 | 0 | **(52.645)** | **(55.971)** |
| 07 - Brunamál og almannavarnir | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | | 6.515 | 0 | 6.515 | 0 | **(6.515)** | **(5.730)** |
| 08 - Hreinlætismál | 0 | 0 | 10.558 | **10.558** | 0 | | 17.516 | 0 | 17.516 | 0 | **(6.959)** | **(5.816)** |
| 09 - Skipulags- og byggingamál | 0 | 0 | 278 | **278** | 1.089 | | 3.288 | 0 | 4.377 | 0 | **(4.099)** | **(5.742)** |
| 10 - Umferðar- og samgöngumál | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | | 13.557 | 0 | 13.557 | 0 | **(13.557)** | **(13.002)** |
| 11- Umhverfismál | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | | 2.962 | 0 | 2.962 | 0 | **(2.962)** | **(4.844)** |
| 13 - Atvinnumál | 0 | 0 | 749 | **749** | 347 | | 6.328 | 0 | 6.675 | 0 | **(5.926)** | **(6.289)** |
| 21 - Sameiginlegur kostnaður | 0 | 0 | 4.413 | **4.413** | 25.816 | | 15.744 | 0 | 41.560 | 0 | **(37.147)** | **(34.624)** |
| 28 - Fjármagnsliðir | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | | 0 | 0 | 0 | (27.935) | **27.935** | **23.420** |
| Millifærslur | | | (7.299) | **(7.299)** | | | (7.299) | | (7.299) | | **0** | **0** |
| **Aðalsjóður** | 222.885 | 146.925 | 69.616 | **439.426** | 194.337 | 0 | 270.691 | 0 | 465.028 | (27.935) | **2.334** | **(10.055)** |
| Eignasjóður | 0 | 0 | 103.568 | **103.568** | 10.197 | | 30.110 | 18.680 | 58.987 | 33.693 | **10.887** | **17.046** |
| Millifærslur | (5.029) | | (98.625) | **(103.655)** | | | (103.655) | | (103.655) | | **0** | **0** |
| **Samstæðureikningur A - hluta** | 217.856 | 146.925 | 74.559 | **439.340** | 204.534 | 0 | 197.146 | 18.680 | 420.361 | 5.758 | **13.221** | **6.991** |
| **Sjóðir í B - hluta** | | | | | | | | | | | | |
| Veitur Hörgársveitar | 0 | 0 | 5.384 | **5.384** | 0 | | 4.343 | 1.622 | 5.965 | 1.885 | **(2.466)** | **(2.850)** |
| | 0 | 0 | 5.384 | **5.384** | 0 | 0 | 4.343 | 1.622 | 5.965 | 1.885 | **(2.466)** | **(2.850)** |
| Millifærslur A og B hluta | 0 | | (1.389) | **(1.389)** | | | (1.389) | | (1.389) | | **0** | **0** |
| **Samstæðureikningur** | 217.856 | 146.925 | 78.554 | **443.335** | 204.534 | 0 | 200.100 | 20.302 | 424.937 | 7.643 | **10.755** | **4.141** |

# Efnahagsyfirlit árið 2013

(Allar fjárhæðir eru í þús.)

| | Aðal-sjóður | Eigna-sjóður | Milli-færslur | Samstæðu-reikningur A - hluta | Veitur | Milli-færslur | Samstæðu-reikningur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | | | |
| **Fastafjármunir:** | | | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | | | |
| Fasteignir | | 391.914 | | **391.914** | | | **391.914** |
| Veitukerfi | | | | **0** | 65.947 | | **65.947** |
| Gatnakerfi | | 68.143 | | **68.143** | | | **68.143** |
| Vélar, áhöld og tæki | | 725 | | **725** | | | **725** |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 0 | 460.782 | 0 | **460.782** | 65.947 | 0 | **526.729** |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | | | |
| Eignahlutir í félögum | 60.262 | | | **60.262** | | | **60.262** |
| Langtímakröfur | 0 | 11.100 | | **11.100** | | | **11.100** |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki - A | 271.464 | | (271.464) | **0** | | | **0** |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki - B | 20.850 | | | **20.850** | | (20.850) | **0** |
| | 352.576 | 11.100 | (271.464) | **92.213** | 0 | (20.850) | **71.362** |
| Fastafjármunir | 352.576 | 471.882 | (271.464) | **552.995** | 65.947 | (20.850) | **598.091** |
| **Veltufjármunir:** | | | | | | | |
| Skammtímakröfur: | | | | | | | |
| Birgðir | 225 | | | **225** | | | **225** |
| Óinnheimtar tekjur | 28.174 | | | **28.174** | | | **28.174** |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki - A | 30.737 | | (30.737) | **0** | | 0 | **0** |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki - B | 63.023 | | | **63.023** | | (63.023) | **0** |
| Aðrar skammtímakröfur | 3.842 | 0 | | **3.842** | 0 | | **3.842** |
| Næsta árs afb. langtímakrafna | 0 | | | **0** | | | **0** |
| Næsta árs afb. langtímakrafna - A | 29.932 | | (29.932) | **0** | | | **0** |
| Næsta árs afb. langtímakrafna - B | 1.094 | | | **1.094** | | (1.094) | **0** |
| Handbært fé | 18.427 | | | **18.427** | | | **18.427** |
| Veltufjármunir | 175.454 | 0 | (60.669) | **114.785** | 0 | (64.117) | **50.668** |
| **Eignir samtals** | 528.030 | 471.882 | (332.132) | **667.780** | 65.947 | (84.967) | **648.760** |

## Efnahagsyfirlit árið 2013

**(Allar fjárhæðir eru í þús.)**

| | Aðal-sjóður | Eigna-sjóður | Milli-færslur | Samstæðu-reikningur A - hluta | Veitur | Milli-færslur | Samstæðu-reikningur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | | | | | |
| **Eiginfjárreikningar:** | | | | | | | |
| Eigið fé | 485.735 | 32.052 | | **517.787** | (19.020) | | **498.766** |
| **Skuldbindingar:** | | | | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 0 | | | **0** | | | **0** |
| **Langtímaskuldir:** | | | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 2.203 | 90.784 | | **92.987** | | | **92.987** |
| Skuldir við eigin fyrirtæki - A | | 271.464 | (271.464) | **0** | 20.850 | (20.850) | **0** |
| | 2.203 | 362.247 | (271.464) | **92.987** | 20.850 | (20.850) | **92.987** |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | 16.840 | | | **16.840** | | | **16.840** |
| Skuldir við eigin fyrirtæki - A | 0 | 30.737 | (30.737) | **0** | 63.023 | (63.023) | **0** |
| Skuldir við eigin fyrirtæki - B | 0 | | | **0** | | 0 | **0** |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 734 | 15.252 | | **15.987** | | | **15.987** |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda - A | 0 | 29.932 | (29.932) | **0** | 1.094 | (1.094) | **0** |
| Aðrar skammtímaskuldir | 22.518 | 1.662 | | **24.180** | | | **24.180** |
| | 40.093 | 77.583 | (60.669) | **57.007** | 64.117 | (64.117) | **57.007** |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | 42.296 | 439.830 | (332.132) | **149.993** | 84.967 | (84.967) | **149.993** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 528.030 | 471.882 | (332.132) | **667.780** | 65.947 | (84.967) | **648.760** |